



- Upplýsingaöryggi -

Ný og betri útgáfa ISO/IEC 27001

Ný útgáfa upplýsingaöryggisstaðalsins ISO/IEC 27001 *Information technology — Security techniques — Information security management systems — Requirements* tók gildi sem alþjóðlegur staðall 1. október síðastliðinn. Staðallinn verður væntanlega þýddur á íslensku á næstu mánuðum, eins og fyrri útgáfa, og gefinn út sem íslenskur staðall. Um það bil sem endurskoðun staðalsins var að ljúka, var Edward Humphreys, sá er leiddi endurskoðunina, spurður út í nýju útgáfuna. Nokkrar spurningarnar fara hér á eftir ásamt atriðum úr svörum Humphreys.

Hverjir eru helstu kostir nýju útgáfunnar?

Að sögn Humphreys var nýja útgáfan uppfærð með hliðsjón af reynslu þeirra sem hafa innleitt eða sóst eftir vottun samkvæmt eldri útgáfu staðalsins, ISO/IEC 27001:2005. Leitast var við að gera staðalinn einfaldari í notkun, sveigjanlegri og skilvirkari. Ýmsar umbætur voru einnig gerðar í sambandi við öryggisstýringar í viðauka A. Var það gert til að tryggja að staðallinn tæki mið af nýjum áhættuþáttum varðandi ýmis þráðlaus tæki eins og snjallsíma, það að notendur villi á sér heimildir, og öðrum veikleikum sem geta fylgt netnotkun. Síðast en ekki síst, þá var staðallinn aðlagður að uppbyggingu annarra stjórnunarkerfisstaðla til að auðvelda samþættingu stjórnunarkerfa.

Hverjir eru helstu kostirnir við að aðlaga nýja útgáfu ISO/IEC 27001 að uppbyggingu annarra stjórnunarkerfisstaðla?

Aðlögunin hjálpar fyrirtækjum og stofnunum sem vilja innleiða fleiri en eitt stjórnunarkerfi samtímis. Samræmi í uppbyggingu stjórnunarkerfisstaðla sparar tíma og peninga þar sem fyrirtækin geta samþætt stefnur og verklagsreglur mismunandi kerfa. Sem dæmi má nefna að fyrirtæki gæti viljað samþætta stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/IEC 27001 og gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001.

Hvað þýðir þessi endurskoðun fyrir þau fyrirtæki sem eru nú þegar með vottun samkvæmt eldri útgáfu staðalsins, ISO/IEC 27001:2005?

Fyrirtæki og stofnanir sem eru með vottun samkvæmt eldri útgáfu staðalsins munu þurfa að uppfylla kröfur nýju útgáfunnar. Aðlögunartíminn hefur ekki verið ákveðinn, en venjan er sú að hann sé tvö til þrjú ár frá útkomu nýrrar útgáfu. - Vottunarstofur ættu einnig að nota aðlögunartímann til að aðlaga starf sitt að kröfum nýju útgáfunnar.

Hve mikið verk er að fara frá gömlu útgáfunni og taka upp þá nýju?

Aðlögun að nýrri útgáfu staðalsins ætti ekki



Edward Humphreys var formaður vinnuhóps sem endurskoðaði ISO/IEC 27001:2005.

að vera vandamál. Aðlögunartíminn gefur fyrirtækjum færi á að fella aðlögunina inn í fyrirliggjandi verkáætlanir og samþætta við umbótaáætlanir og áætlanir um úttektir sem þegar hafa verið gerðar.

Nýjar útgáfur ISO/IEC 27001 og ISO/IEC 27002 eru fánlegar hjá Staðlaráði. Upplýsingar í síma 520 7150.

**NÁMSKEIÐ
31. OKTÓBER**

ISO 9000 - Innri úttektir
samkvæmt ISO 19011

Námskeið fyrir þá sem vilja læra að gera innri gæðaúttektir samkvæmt úttektarstaðlinum ISO 19011 eða þurfa að þekkja framgang gæðaúttekta

Steinefni og malbik - bls. 2

Nýjar tækniforskriftir - bls. 3

Nýir lagnastaðlar - bls. 4

Leiðbeiningar um framleiðslu á steinefnum og malbiki

Síðastliðið vor kynnti vinnuhópur á Svegum Byggingarstaðlaráðs hagsmunaaðilum frumvörp að fylgi-stöðlunum ÍST 75 *Framleiðsla á malbiki* og ÍST 76 *Framleiðsla á steinefnum*. vinnuhópurinn skipuðu Arngrímur Blöndahl hjá Staðlaráði Íslands og Gunnar Bjarnason hjá Vegagerðinni, auk greinarhöfundar. Eftir umsagnarferli og athugasemdir hafa bæði frumvörpin nú verið gefin út sem íslenskir staðlar.

Fylgistaðlar við Evrópustaðla

Flestar aðildarþjóðir evrópsku staðla-samtakanna CEN hafa útbúið leiðbeiningar til þess að innleiðing Evrópustaðla vegna framleiðslu steinefna og malbiks gangi hnökralaust fyrir sig. Mikilvægt er að slíkar leiðbeiningar séu í gildi í hverju landi þar sem samkomulag er milli framleiðenda og kaupenda og prófunarstofa um hvað felist í gerðarprófunum og eftirliti með framleiðslu steinefna og malbiks. Þetta á við t.d. um val á prófunaraðferðum til að mæla eiginleika steinefna og malbiks og lýsa þeim á fullnægjandi hátt. Hérlandis var farin sú leið að gefa út íslenska fylgistaðla. Eins og heiti staðlanna bera með sér snýr annar staðallinn, ÍST 75, að framleiðslu malbiks og hinn, ÍST 76, að framleiðslu steinefna.

Framleiðsla á steinefnum

Úr yfir 40 prófunaraðferðum er að velja til prófana á steinefnum. Sjö framleiðslustaðlar fjalla um kröfur til steinefna til mismunandi nota, meðal annars í steinsteypu (ÍST EN 12620), bikbundin steinefni (ÍST EN 13043) og óbundin steinefni (ÍST EN 13242). Framleiðslustaðlarnir sem fylgistaðallinn nær til eru settir fram á sambærilegan hátt, en þó eru tilteknaðar prófunaraðferðir og kröfur þess eðlis að þær henta eingöngu tiltekinni framleiðsluafurð. Sérstakur staðall gildir svo um gerðarprófanir og framleiðslueftirlit og nær hann yfir alla framleiðslustaðlana (ÍST EN 13236).

Viðskiptahindrunum og óvissu rutt úr vegi

Ýmislegt hefur breyst við framleiðslu

steinefna með tilkomu Evrópustaðla og kröfu um CE-merkingu byggingarvara. Prófunaraðferðir eru ekki allar þær sömu og áður og framsetning upplýsinga hefur breyst. Einnig hafa tekið gildi skýrar kröfur um gerðarprófanir og framleiðslueftirlit. Það má líta svo á að nú gefist öllum framleiðendum steinefna kostur á að lýsa vöruflokkum sínum á sömu forsendum. Í fylgistaðlinum ÍST 76 um framleiðslu á steinefnum er sett fram í texta og töfluformi hvaða prófunaraðferðir skuli nota hérlandis við gerðarprófanir og framleiðslueftirlit, svo og tíðni prófana við framleiðslu. Fylgistaðallinn auðveldar framleiðendum og kaupendum að uppfylla viðkomandi Evrópustaðla vegna framleiðslu á steinefnum til nota í steinsteypu, bikbundin steinefni og óbundin steinefni. Viðskiptahindrunum og óvissu um efniseiginleika er þar með ýtt úr vegi.

Malbiksframleiðsla

Í staðlinum ÍST 75 *Framleiðsla á malbiki* er tiltekið hvaða prófanir skuli gera á malbiki með hliðsjón af evrópskum stöðlum, annars vegar gerðarprófanir (ÍST EN 13108-20) og hins vegar prófanir vegna framleiðslueftirlits (ÍST EN 13108-21). Fylgistaðallinn fjallar um framleiðslu tveggja algengustu malbiksgerðanna sem notaðar eru hérlandis, þ.e.a.s. slitlagsmalbiks (ÍST EN 13108-1) og steinríks malbiks (ÍST EN 13108-5). Vakin er athygli á að þrjár prófunaraðferðir sem ekki hafa verið notaðar hérlandis fyrr en á allra síðustu árum, sem sagt hjólfarapróf (ÍST EN 12697-22), slitpolspróf (ÍST EN 12697-16) og vatnspolspróf (ÍST EN 12697-12) eru nú hluti af gerðarprófunum fyrir umferðarmiklar götur. Það þýðir að hverja malbiksgerð þarf að prófa með þessum aðferðum á fimm ára fresti. Framleiðslueftirlit verður hins vegar tiltölulega einfalt og að mestu leyti svipað því sem verið hefur. Tíðni prófana er í samræmi við ÍST EN 13108-21.

Sammæli milli framleiðenda og kaupenda

Vegagerðin hefur unnið ötullega að innleiðingu Evrópustaðla vegna framleiðslu



Pétur Pétursson,
PP-ráðgjöf.

steinefna og malbiks, m.a. með gerð leiðbeininga um efnisgæði og efniskröfur, svo og með endurskoðun almennra verklýsinga Vegagerðarinnar (Alverks). Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar hefur gert kleift að fylgjast náið með framvindu staðlagerðar fyrir prófanir og framleiðslu steinefna og malbiks og hafa íslenskir fulltrúar í evrópskum fagnefndum náð að hafa áhrif á staðlagerðina.

Fylgistaðlarnir sem hér er lýst stuðla að því að innleiðing evrópskra staðla á þessu sviði sé skýr og að sammæli ríki milli framleiðenda og kaupenda steinefna og malbiks um prófunaraðferðir og kröfur.

Staðlapósturinn

rafrænt fréttabréf Staðlaráðs

Ert þú áskrifandi?

www.stadlar.is

- Nýjar tækniforskriftir -

Bankasamskiptakerfi á tímamótum

Sameiginleg vefþjónusta banka og sparisjóða hefur fest sig í sessi sem eitt af meginverkfærum fyrirtækja, stofnana, sveitarfélaga og einyrkja í bókhaldssamskiptum við bankana. Á síðastliðnum árum hefur notkunin breiðst svo ört út að undrun sætir.

Sambankþjónusta

Umrædd vefþjónusta ber hið lítt þjála nafn *Icelandic Online Banking Web Services* eða einfaldlega IOBWS, hvorutveggja tungubrjótur í huga margra. Birtingarmynd vefþjónustunnar í upplýsinga- og bókhaldskerfum gengur gjarnan undir heitinu *bankasamskiptakerfi* eða *sambankþjónusta*. Vefþjónustan gerir bókhaldskerfum kleift að skiptast á upplýsingum til og frá banka án innskráningar í hefðbundinn netbanka. Þannig má til dæmis sækja yfirlit bankareiknings með því einu að smella á þar til gerðan hnapp í bókhaldskerfi. Á sama hátt er unnt að skoða stöðu innheimtukrafna innan bókhaldskerfisins og breyta kröfum án innskráningar á netinu. Einnig er algengt að bókhaldskerfin sjálf sækja upplýsingar allan sólarhringinn án mannlegrar þátttöku.

Fyrsta uppfærslan

Vinsældir vefþjónustunnar eru slíkar að færslufjöldi og fjárhæðir hafa jafnvel vaxið fram úr netbankanotkun og er svo komið, að upprunaleg hönnun mætir ekki nútíma þörfum fyrirtækja. Þess vegna hafa bankar, hugbúnaðarfyrirtæki, innheimtufyrirtæki og aðrir hagsmunaðilar tekið höndum saman á vettvangi Staðlaráðs við að ná samkomulagi um nýjar tækniforskriftir vefþjónustunnar. Það samkomulag náðist í sumar og fóru tækniforskriftirnar í útgáfuferli í haust þannig að bankar hafa senn tæknilegar forsendur til að smíða nýjar aðgerðir. Um er að ræða fyrstu uppfærsluna frá því að vefþjónustan hóf göngu sína á árunum 2007 og 2008.

Fimm breytingar og ein nýjung

Tækninefndinni bárust fjölmargar tillögur og óskir um tækniforskriftir fyrir t.d. erlendar greiðslur, lánayfirlit, kortayfirlit og margt fleira spennandi. Varð úr að smíða

sjö tækniforskriftir, þær fimm fyrstu eiga sér fyrirrennara í fyrstu kynslóð IOBWS og flokkast sem endurbætur:

- Gengi (endurbætur)
- Greiðslur (endurbætur)
- Innheimtukröfur (endurbætur)
- Milliinnheimta (endurbætur)
- Rafræn skjöl (ný aðgerð)
- Yfirlit bankareikninga (endurbætur)
- Tæknilegar upplýsingar og villuboð (leiðbeiningar)

Með „endurbótum“ er samt átt við ný skeyti, en þau eldri standa óhreyfð. Hin nýju eru ríkari að innihaldi, svæðin fleiri og sama gildir um valkosti innan þeirra. Meginástæða þess að endurbætur skipa svo stóran sess á kostnað nýjunga er áður nefnd útbreiðsla eldri skeyta og uppsöfnuð tækniskuld bankanna vegna þeirra.

Þáttur Staðlaráðs

Ljóst var orðið á árinu 2010 að vaxandi þörf var fyrir umbætur og nýjungar. En sitt er hvað, samvinna og samráð. Því var leitað til Staðlaráðs Íslands sem hlutlauss vettvangs fyrir hugmyndavinnu og skoðanaskipti jafnt samstarfs- sem og samkeppnisaðila. Staðlaráð stofnaði sérstaka tækninefnd FUT um vefþjónustur banka og sparisjóða, auk vinnuhópa undir henni.

Þátttakendur í tækninefndinni eru fulltrúar fjölbreyttis notendahóps, hver úr sinni áttinni. Allir endurspeglu hvorutveggja, eigin væntingar og þarfir sameiginlegra viðskiptavina sinna. Því má með sanni segja, að viðskiptavinurinn eigi sér marga málsvara sem tala röddu hans.

Þegar tækninefndin hafði lagt línurnar um efnislegt innihald nýrra skeyta var komið að ritstörfunum. Af ýmsum hagskvæmnisástæðum var verið boðið út. Í því fólst einkum vinna við hönnun og útfærslu skeytanna og ritun tækniforskriftanna, auk tillögu um tæknilega högun byggða á óskum og forsendum tækninefndarinnar.

Kristalskúlan kraumar

Ekki skortir tillögur til frekari framþróunar



Hermann Þór Snorrason, formaður tækninefndar FUT um vefþjónustu banka og sparisjóða.

vefþjónustunnar. Í náinni framtíð er meðal annars horft til hagnýtingar alþjóðlega staðalsins ISO 20002 með hliðsjón af aukinni alþjóðavæðingu innlendra fyrirtækja erlendis og öfugt. Til skemmi tíma lítið munu fjármálastofnanirnar eiga nóg með nýsmíði í kjölfar þessara nýju tækniforskrifta á komandi misserum. Næsta skref er að gefa tækniforskriftirnar formlega út, því næst að smíða skeytin í hverjum banka um sig, svo taka hugbúnaðarfyrirtækin skeytin inn í sitt vöruframboð eftir því sem eftirspurnin segir til um. Þá er ótalin markaðssetning, gerð ítarefnis, jafnvel smíði sýniforrita og fjölmargt fleira.

Væntingar fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga eru umtalsverðar og nú er undir fjármálastofnunum komið að bretta upp ermar og hefja smíði samkvæmt nýju forskriftunum. Tíminn leiðir í ljós hver verður fyrstur að bjóða nýju skeytin.

Þátttakendum í samstarfinu færi ég einlægustu þakkir fyrir mikla og óeingingjarna vinnu.



- Nýir lagnastaðlar -

ÍST 67 Vatnslagnir og IST 68 Frárennslislagnir

Fyrir nokkrum árum tók Byggingarstaðlaráð ákvörðun um að breyta stöðlunum ÍST 67 Vatnslagnir og ÍST 68 Frárennslislagnir og tengja þá við danska staðla um sama efni. Það er, að hafa íslensku staðlana sem sérákvæði við þá dönsku. Kostirnir við þessa tilhögun eru mikilvægir. Dönsku staðlarnir vísa í Evrópustaðla og eru uppfærðir reglulega. Það auðveldar okkur Íslendingum að uppfæra okkar staðla á þessum sviðum. Auk þess er mikil hefð fyrir notkun dönsku staðlanna í greininni.

Nýir staðlar í október

Á síðustu misserum voru sérákvæði í ÍST 67 og ÍST 68 endurskoðuð í takt við nýja útgáfu á byggingarreglugerð og staðlana DS 432:2009 *Norm for afløbsinstallationer* (frárennslisstaðall) og DS 432:2009 *Norm for vandinstallationer* (vatnslagnastaðall). Reynt var að eyða mótsögnum sem gætu verið á milli sérákvæða ÍST 67 og ÍST 68 annars vegar og byggingarreglugerðar hins vegar. Einnig voru orðaskýringar betrubættar. Áætlað er að frumvörp staðlanna verði staðfest sem staðlar nú í október.

Lög, byggingarreglugerð og staðlar

Mannvirkjalög eiga við um neysluvatns-

og fráveitulagnir eins og þessi tæknikerfi eru kölluð. Þeir sem koma að gerð þessara tæknikerfa verða að standa rétt að málum til að skaða ekki aðra eða skapa sér bótaskyldu. Í byggingarreglugerð, kafla 14, eru kröfur til þessara tæknikerfa, en þær eru almennt orðaðar og ekki vísað í lausnir. Þar koma staðlar til sögunnar. Í byggingarreglugerð er aðeins að litlu leyti vitnað í lagnastaðlana, en þó kemur ÍST 67 fyrir á nokkrum stöðum vegna efnisvals. Í grein 1.2.2 segir að staðlar um mannvirki séu leiðbeinandi og nota skuli íslenska staðla eða norræna og alþjóðlega staðla (ISO) ef íslenskir staðlar eru ekki til. Út frá þessu verða þeir sem vinna við mannvirkjagerð að nota staðla við lausn verkefna ásamt góðum venjum, sem ekki er síður mikilvægt.

Efniseiginleikar byggingavöru og greinargerð hönnuða

Mannvirkjahönnuðum er uppálagt, samkvæmt byggingarreglugerð, að gera grein fyrir efniseiginleikum byggingarefna með tilvísun í viðeigandi staðla. Einnig þurfa hönnuðir að útbúa greinargerð um hönnunarforsendur með rökstuðningi um hvernig lágmarksákvæði byggingarreglugerðar séu uppfyllt ásamt fyrirmælum eiganda (leyfishafa).



Sveinn Áki Sverrisson,
fagstjóri lagnasviðs
VSB Verkfræðistofu ehf. BSc. MPM.

Vinnuhópin sem vann að endurskoðun staðlanna skipuðu, auk höfundar, þeir Arngrímur Blöndahl hjá Staðlaráði og Heiðar Jónsson hjá Mannviti.



Staðlar létta þér lífið...

... þegar þú semur um verkframkvæmdir.

Staðallinn ÍST 30 *Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir* hefur verið einn mest notaði staðall á Íslandi í áratugi.

Fjölmöldum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.